

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um markvissa heilsueflingu fyrir eldri íbúa í Reykjavík

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Reykjavíkurborg bjóði íbúum yfir 65 ára að taka þátt í markvissri heilsueflingu. Velferðarsvið í samráði við öldungaráð Reykjavíkurborgar fái það hlutverk að kanna hvort framkvæmdin skuli vera í samstarfi við íþróttafélögin í borginni eða sjálfstætt starfandi fagaðila.

Greinargerð

Samstarfsverkefni af þessu tagi hafa sem dæmi gefið góða raun í öðrum sveitarfélögum, það er til dæmis í Grindavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ og Hafnarfirði. Þessi sveitarfélög eru í samstarfi við Janus heilsueflingu sem miðar að því að draga úr öldrunareinkennum þannig að einstaklingar geti verið lengur sjálfstæðir í sínum daglegu athöfnum og að seinka innlögn á dvalar- eða hjúkrunarheimili.

Gagnsemi heilsueflingar eldri íbúa er margskonar. Sem dæmi má nefna að heilsuefling eykur lífsgæði, er þáttur í að gera fólki kleift að búa sem lengst heima hjá sér og fyrirbyggjandi gegn ýmsum lífstílstengdum sjúkdómum. Bætt heilsa eldri íbúa skiptir ekki einungis gríðarlega miklu máli fyrir einstaklingana sjálfa og aðstandendur þeirra heldur er hún líka þjóðhagslega hagkvæm.

Til nánari glöggvunar segir eftirfarandi í [skýrslu](#) starfshóps heilbrigðisráðuneytisins frá janúar 2021:

Heilsuefling miðar að því að gera fólki kleift að lifa heilsusamlegu lífi við heilnæmar aðstæður. Heilsa og vellíðan er afurð af samspili einstaklinga og þeirra nánasta umhverfis og aðstæðna. Í heilsueflingarstarfi er markvisst unnið með áhrifaþætti heilbrigðis. Leitast er við að skapa félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar aðstæður og umhverfi sem hlúir að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan fólks með ólíkar þarfir. Það er mikilvægt að allir búi við eins góða heilsu og kostur er, þar skipta heilsuefling og forvarnir miklu máli. Það liggur fyrir að það fjölgar í elstu aldurshópunum og því mikilvægt að aukin áhersla sé lögð á heilsueflingu aldraðra.

Eins og sjá má er niðurstaða starfshópsins að leggja þurfi aukinn kraft í heilsueflingu aldraðra og er framtíðarsýnin sú að ríki og sveitarfélög sjái til þess að unnið sé markvisst að heilsueflingu aldraðra.

Þá er mikilvægt að hafa hugfast að samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar er fyrirsjáanlegt að hlutfall eldri íbúa í Reykjavík mun fara vaxandi á næstu árum. Gangi spáin um breytingar á aldurssamsetningu mannfjöldans eftir mun hlutfall íbúa yfir 65 ára verða yfir 20% árið 2037 og yfir 25% árið 2064. Hlutfallið er nú um 14%. Þá mun meðalævilengd karla og kvenna (við fæðingu) fara hækkandi.